

AUGLÝSING

25

12. marz

um breytingu á viðskiptasamningi frá 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

Með erindaskiptum milli utanríkisráðherra og ameríska sendiherrans í Reykjavík, dags. 5. og 6. marz 1956, var gert samkomulag um, að liður 718 (b) á lista II, er fylgdi viðskiptasamningi frá 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku (Stj.tið. A. 73/1943) skyldi orðast svo:

Númer í tollskrá Bandaríkja- anna 1930	Lýsing vöru	Tollur	United States Tariff Act of 1930 Paragraph	Deskription of Article	Rate of duty
718(b)	Fiskur, verkaður og varinn á hvern hátt sem er í loftþéttum umbúðum, er vega með innihaldi ekki meir en 15 pund hver (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum; að undantekinni síld, reykttri eða kryddreykttri eða í tómatsósu, í næstu umbúðum, sem vega með innihaldi yfir 1 pund hver; og að undanteknum laxi, ansjósum og túnafiski) 12-½% verðtollur		718(b)	Fish, prepared or preserved in any manner, when packed in air-tight containers weighing with their contents not more than fifteen pounds each (except fish packed in oil or in oil and other substances; except herring, smoked or kippered or in tomato sauce, packed in immediate containers weighing with their contents more than one pound each; and except salmon, anchovies, and tuna) 12-½% ad valorem	

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

26

14. marz

um fullgildingu menningarsáttmála Evrópuráðsins frá 19. des. 1954.

Hinn 1. marz 1956 var forstjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands að menningarsáttmála Evrópuráðsins, er undirritaður var fyrir Íslands hönd í París hinn 19. desember 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.